

Eyjafjarðarsveit
Jakobína Ósk Sveinsdóttir
Skólatröð 9
601 Akureyri

Reykjavík, 12. desember 2023
UST202312-033/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing - Breyting á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2018-2030 og nýtt deiliskipulag fyrir athafnasvæði við Bakkaföt

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Eyjafjarðarsveitar er barst 6. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2018-2030 og nýju deiliskipulagi fyrir athafnasvæði við Bakkaföt

Í greinargerð kemur fram breytingin gengur út á að skilgreina 8,4 ha athafnasvæði fyrir sorpflokkunar-, geymslu- og athafnasvæði og minnkar landbúnaðarland sem því nemur.

Eyjafjarðará

Umhverfisstofnun bendir á vegna nálægðar við Eyjafjarðará er mikilvægt að settir séu skýrir skilmálar til verndar hennar í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Markmið laganna er að vernda allt vatn (yfirborðsvatn og grunnvatn) og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögnum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Öll vatnshlot eiga að ná umhverfismarkmiðum sínum. Samkvæmt lögnum má ástand vatnshlota ekki rýrna. Gerist slíkt þarf að setja fram aðgerðir til að draga úr álagi á vatnshlotið með það að markmiði að bæta ástandið.

Umhverfisstofnun bendir á að í 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, segir að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

Bakkagróður

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins.

Efni lýsingar - Umhverfisáhrif

Umhverfisstofnun bendir á að í 4.4.1. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 segir: Í umhverfismati aðalskipulags skulu eftirfarandi meginatriði koma fram: lýsing og samanburður á kostum sem til greina koma um þróun byggðar, staðsetningu og útfærslu hennar og einstakra framkvæmda, m.t.t. áhrifa á umhverfið, svo sem með tilliti til sérkenna einstakra svæða og/eða verndargildis. Hvernig tryggt er að tillagan í heild, einstök markmið hennar og framfylgd valdi sem minnstum neikvæðum umhverfisáhrifum. Við mótun tillögu skal tekið tillit til umhverfissjónarmiða og þess gætt að einstök markmið hennar samræmist meginmarkmiðum skipulagstillögunnar og markmiðum reglugerðar þessarar, hvort setja þurfi í aðalskipulagi skilyrði fyrir deiliskipulagsgerð og framkvæmdum á síðari stigum, til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á umhverfið.

Ef óvissa er um áhrif á umhverfið, eða mat á áhrifum kallar á frekari rannsóknir og nánari athugun á síðari stigum, svo sem við gerð deiliskipulags og/eða mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, skal gerð grein fyrir því í aðalskipulagstillögunni.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að í 5.2.3. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013, þar sem fjallað er um efni lýsingar, segir að í lýsingu skal gerð grein fyrir þeim þáttum í því umfangi sem tillagan gefur tilefni til, m.a. (f) hvernig staðið verði að umhverfismati deiliskipulagsins skv. 5.4. gr.

Í greinargerð lýsingar segir: „Gerð verður grein fyrir áhrifum áætlunarinnar og einstaka stefnumiðum hennar á umhverfið í samræmi við 5. mgr. 12. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.“

Því mikilvægt að það komi fram í lýsingu hvaða umhverfisþættir verða skoðaðir og metnir í tillögunni, hver umhverfisviðmiðin séu og hvaða matsspurningar eru svo að stofnunin geti veitt umsögn, komið með ábendingar og tekið afstöðu varðandi ofangreind atriði.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Rakel Sæmundsdóttir

sérfræðingur